

10. Brjef innanríkisráðherrans til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um leyfi til að sigla upp Krossvík á Akranesi.

1855.
23. apríl.

Eins og herra amtmanninum er kunnugt, er hið sjerstaka leyfi til að sigla upp Krossvík á Akranesi, er seinast var veitt með konungsúrskurði 2. marz 1853, á enda við lok ársins 1854.

Stjórnin hefur því tekið það til skoðunar, hvort að nú ætti aptur að endurnýja siglingarleyfi þetta. Þetta þótti samt hvorki nauðsynlegt eða eiga við, því aðalhagnaður sá, er sveitamenn þar í kring, nú sem stendur, hafa af siglingarleyfi þessu, er fenginn með leyfi því, er fastakaupmönnum á Íslandi er veitt í opnu brjefi 19. maí f. á. að sigla á aðra staði á landinu en hin löggildu kaптún, bæði til að flytja þangað vörur og selja innbúum ýmsar vörutegundir, o. s. frv.

Eptir hinu sjerstaka siglingarleyfi síðan 1850 var það að vísu einnig leyft dönskum lausakaupmönnum að sigla á áður nefndan stað til verzlunar í júní mánuði, en það leyfi gefst nú eigi lengur, en það þótti því síður ástæða til að endurnýja þetta öldungis sjerstaka leyfi, er veitt var um vissan tíma, sem þá væri gjörður munur á innlendum og útlendum lausakaupmönnum, er varla mundi samkvæmur grundvallarreglum þeim, sem fylgt er í lögunum 15. apríl 1854, en á hinn bóginn getur þó, eptir þeim lögum, ekki komið til orða að leyfa útlendum verzlun annarstaðar en á hinum löggildu kaптúnum.

Þessa skoðun stjórnarinnar áleit jeg að ætti að gjöra herra amtmanni kunna sem konungsfulltrúa, ef að fyrirspurn kynni að vera gjörð um þetta mál á alþingi því, sem er fyrir hendi.

11. Brjef innanríkisráðherrans til hins konunglega landbústjórnarfelags um styrk til akuryrkjumaða.

30. apríl.

Í brjefi 14. þ. m. hefur hið konunglega landbústjórnarfelag skýrt frá, að það hafi látið koma Íslendingnum Ólafi Sveinsyni fyrir til að læra landbúnað hjá *Lund* sjálfseignarbónda á *Kallerupgaard*, og borið fram þá von sína, að stjórnin hjálpi